



SÝSLUMAÐURINN Í KÓPAVOGI

Alþingi

Erindi nr. D 117 / 59

komudagur 10 / 11 1993

Upplýsingar um sýslumannsembættið í Kópavogi.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1994 er gert ráð fyrir að embættið verði lagt niður 1. júlí 1994.

Teknar eru hér saman nokkrar staðreyndir um embættið. Margt bendir til þess að þessi breyting leiði ekki til þess sparnaðar sem að er stefnt.

1. Ýmsar upplýsingar.

Fjöldi íbúa í umdæminu 1. des. 1992 16.840
(ætla má að íbúafjöldi sé nú kominn yfir 17.000)

Heimilaður starfsmannafjöldi:

Yfirstjórn 28 stöðugildi

Löggæsla 24 stöðugildi

Rekstrarfé skv. fjárlögum 1993

Yfirstjórn kr. 65.600 þús.

Löggæsla kr. 68.700 þús.

Samtals kr. 134.300 þús.

Rekstur embættisins á þessu ári verður innan fjárlagaheimildar.

2. Skipting embættisins í verkþætti.

Yfirstjórn embættisins er skipt upp í eftirtalda verkþætti:

a. Lögreglustjórn o. fl.

Hér undir kemur lögreglustjórn, skráning mála og úrvinnsla, meðferð ákærvalds, sektarinnheimta og útgáfa á ýmsum leyfum og skírteinum.

Ef embættið yrði lagt niður færu þessi verkefni til lögreglustjórans í Reykjavík.

b. Innheimta opinberra gjalda

Hér undir kemur innheimta í virðisaukaskatti, tryggingargjaldi og bifreiðaskatti. Þessi verkefni flyttust til Tollstjórans í Reykjavík.

Einnig kemur hér undir innheimta á opinberum gjöldum.

c. Sýslumannsverkefni.

Hér er um að ræða öll þau verkefni sem sýslumaðurinn í Reykjavík kæmi til með að taka við svo sem þinglýsingar, firmaskrá, sífjamál, þ.á.m. hjónavígslur, hjónaskilnaðir og ýmiskonar önnur mál, skipti dánarbúa, lögbókandagerðir, aðfarargerðir, nauðungarsala og ýmis leyfi.

d. Umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins.

Hér falla undir störf aðallega vegna lífeyrirstrygginga og sjúkratrygginga.

Kostnaði við yfirstjórn er skipt milli þessara verkþátta sem hér segir:

Verkþáttur	Hundraðshl. af heild	Kostnaður	Kostnaður pr. íbúa í umdæminu
Lögreglustj.	16%	10.496 þús.	kr. 623
Innheimta	36%	23.616 þús.	kr. 1.402
Sýslum.verkefni	32%	20.992 þús.	kr. 1.247
Umb.störf f. T.r	16%	10.496 þús.	kr. 623
Samtals.	100%	65.600 þús.	kr. 3.895

Löggæslukostnaður skv. fjárlögum 1993 er 68.700 þús. eða kr. 4.080 pr. íbúa. Löggæsla og lögreglustjórn er kr. 4.703 pr. íbúa.

3. Samanburður við sambærileg embætti í Reykjavík.

Vísað er til fylgiskjals 1.

Rétt er að skoða nánar samanburð við Reykjavík.

3.1. Löggæsla og lögreglustjórn.

Í Reykjavík er kostnaður pr. íbúa kr. 7.929 á íbúa en í Kópavogi 4.703 pr. íbúa.

Af einhverju leyti kunna löggæsluverkefni að vera meiri í Reykjavík en í Kópavogi. Eftirfarandi tölur benda þó ekki til þess.

	Reykjavík pr. íbúa		Kópavogur pr. íbúa	
Verkefni skv. dagbók 1992	56.094	0.508	11.933	0.709
Fjöldi mála í kæruskrá 1992	30.077	0.273	5.741	0.341

	Reykjavík pr. íbúa		Kópavogur pr. íb.	
Sektarinnh. 1992 (lögreglustj. sektir)	kr. 44.801 þús.	kr. 424	9.431 þús.	559

3.2. Innheimta.

Ekki er vitað hver er kostnaður við innheimtu virðisaukaskatts og bifreiðagjalda hjá embætti Tollstjórans í Reykjavík og er því erfitt að svo stöddu að bera saman innheimtukostnað í Reykjavík og Kópavogi. Ekkert bendir þó til þess að þessi kostnaður sé lægri í Reykjavík.

Á árinu 1992 voru innheimtar ríkissjóðstekjur sem hér segir:

Virðisaukaskattur	Kr.	570.134
Opinber gjöld, staðgr. og trgj.	Kr.	1.341.356
Önnur gjöld	Kr.	327.791
Samtals	Kr.	2.239.281 þús

Benda má á að innheimtuafköst á opinberum gjöldum eru betri í Kópavogi en Reykjavík. Sem dæmi má nefna ef sama innheimtuprósentu hefði verið í Kópavogi og var í Reykjavík á síðasta ári hefði innheimst allt að 98 milljónum lægri fjárhæð í opinberum gjöldum.

3.3. Sýslumannsverkefni.

Í Reykjavík er kostnaður pr. íbúa kr. 1.217. Í fjáráukalögum er fjárveiting hækkuð um kr. 10.000 þús. Sé tekið tillit til þessa væri kostnaður pr. íbúa kr. 1.308. Í Kópavogi er þessi kostnaður kr. 1.247.

Samkvæmt lauslegri athugun sýnist ekki vera marktækur munur á málafjölda.

3.4. Umboðstörf Tryggingarstofnunar ríkisins.

Erfitt er að bera í raun saman kostnað í Reykjavík og Kópavogi. Samkvæmt þeim forsendum sem gefnar eru í meðfylgjandi kostnaðaryfirliti er kostnaður nokkuð lægri í Kópavogi en Reykjavík.

4. Talning heimsóknna í embættið.

Vikuna 10. - 16. október fór fram talning á heimsóknum í embættið. Niðurstaðan er þessi:

Vegna innheimtu komu	751
Vegna leyfisveitinga, vegabréfa, öskuskírteina, veðbókarvottorða, og þinglýsinga	292
Vegna sífjamála, aðfarargerða og nauðungarsölu	105
Vegna sektarinnheimtu og lögreglumála	125
Til umboðsskrifstofu Tryggingarstofnunar ríkisins	340
Samtals	1.613

Samkvæmt þessu gætu komið á ári 83.876.

Á lögreglustöð komu þessa viku	439
Á ári kæmu því skv. því	22.828

5. Hverjir eru sparnaðarmöguleikar á sameiningu embætta á höfuðborgarsvæðinu?

Margt bendir til þess að með sameiningu náist lítill eða enginn sparnaður, Ástæður eru einkum þessar:

1. Svo virðist sem stærstu embættin Hafnarfjörður Akureyri og Kópavogur séu hagkvæmar rekstrareiningar borið saman við Reykjavík.
2. Í fljótu bragði sýnist rekstrarkostnaður pr. einingu að jafnaði vera dýrari í Reykjavík en Kópavogi.
3. Rekstrarhagkvæmni minni eininga á borð við Kópavog samanborið við embætti í Reykjavík gæti falist m.a. í eftirfarandi atriðum.
 - a. Auðveldara að færa mannafla milli deilda eftir álagi hverju sinni og nýting mannafla væri því betri.
 - b. Þekking á íbúum skiptir máli, einkum við innheimtustörf, við lögreglurannsóknir og afgreiðslu lögreglumála og við aðfarargerðir.
 - c. Einn maður getur auðveldlega haft yfirsýn yfir alla þætti embættisins.

Þorleifur Pálsson



Rekstrarkostnaður embætta sýslumanna og embætta í Reykjavík skv. fjárlögum 1993 og kostnaður pr. íbúa.

Embætti	Íbúafjöldi	Rekstrarkostn.	Kostn. pr. íbúa
Akranes	5.261	60.700 þús	11.538
Borgarnes	3.962	48.800 -	12.317
Stykkishólmur	4.370	62.700 -	14.348
Búðardalur	869	14.800 -	17.031
Patreksfjörður	2.223	33.400 -	15.025
Bolungarvík	1.195	19.300 -	16.151
Ísafjörður	5.200	78.100 -	15.019
Hólmavík	1.063	16.000 -	15.052
Blönduós	3.940	45.000 -	11.421
Sauðárkrókur	4.664	50.900 -	10.913
Siglufjörður	1.749	31.300 -	17.896
Ólafsfjörður	1.201	19.600 -	16.320
Akureyri	19.579	166.700 -	8.514
Húsavík	5.898	70.100 -	11.885
Seyðisfjörður	5.007	59.300 -	11.843
Neskaupstaður	1.636	22.400 -	13.692
Eskifjörður	3.982	46.000 -	11.552
Höfn	2.435	28.800 -	11.828
Vík	1.224	18.800 -	15.359
Hvolsvöllur	3.292	34.000 -	10.328
Vestmannaeyjar	4.867	67.400 -	13.848
Selfoss	11.287	109.900 -	9.737
Keflavík	15.491	171.300 -	11.058
Hafnarfjörður	24.610	208.800 -	8.484
Kópavogur	16.840	134.300 -	7.975

Samtals	151.845	1.618.400 þús	10.658
----------------	----------------	----------------------	---------------

Rekstrarkostnaður embætta í Reykjavík skv. fjárlögum 1993 og kostnaður pr. íbúa

Embætti í R.vík.	Íbúafjöldi	Rekstrarkostn.	Kostn. pr. íbúa
Lögreglustj. emb.		875.000 þús	7.929
Sýslumannsemb.		134.300 -	1.217
Gjaldheimtan		123.200 -	1.116
Tollstjóra emb.		252.100 -	2.284
Tryggst. ríkisins		119.010 -	1.078

Samtals	110.357	1.503.610 þús	13.624
----------------	----------------	----------------------	---------------

1) TOLLSTJÓRAEMBÆTTIÐ.

Skv. fjárlögum 1993 skiptist kostnaður Tollstjórans í Reykjavík í tvö viðfangsefni, Tollstjórinn í Reykjavík kr. 152.4 millj. og tollgæsla kr. 99.7 millj.

2) TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Skv. fjárlögum 1993 er skrifstofukostnaður að frádr. sértekjum kr. 396.7 millj. Í ofangreindu samanburðaryfirliti eru aðeins tekni 30% af þessum kostnaði.

EINSTEININGAR DESEMBER 1992

INNHEIÐTUNARVIRÐI DESEMBER 1992

Des	Nóv	Okt	Sep	Ag	1991	Innheimtunadur	Nettó effirst, til innheintu	Innheimt	Írangur	Nettó álagning ársins	Innheimt	Írangur	Santals nettó álagn. og est.	Santals innheimt	Santals árangur
1.	(1)	(1)	(1)	(1)	(1)	Sýslunadurinn á Ólafsfirði . .	1.624.643	1.481.034	91,2 %	14.328.137	13.387.139	93,4 %	15.962.780	14.868.173	93,20 %
2.	(4)	(2)	(6)	(4)	(4)	Sýslunadurinn á Hálsvík . . .	8.436.940	7.462.588	88,5 %	34.001.765	29.006.941	85,3 %	42.438.705	36.469.329	85,93 %
3.	(2)	(3)	(4)	(5)	(2)	Sýslunadurinn á Sandákróki . .	14.716.076	11.074.171	75,3 %	92.998.731	79.563.040	85,5 %	107.714.807	90.637.211	84,15 %
4.	(3)	(5)	(5)	(8)	(6)	Sýslunadurinn í Vík	7.601.571	4.383.907	57,7 %	34.377.359	30.615.410	89,1 %	41.978.930	34.999.317	83,37 %
5.	(1)	(6)	(3)	(7)	(3)	Sýslunadurinn í Borgarnesi . .	10.232.339	6.777.933	66,2 %	85.304.523	72.046.294	84,5 %	95.536.862	78.824.227	82,51 %
6.	(6)	(4)	(2)	(2)	(17)	Sýslunadurinn í Vestmannaeyjum	36.368.253	29.185.902	80,3 %	90.616.619	70.538.357	77,8 %	126.984.872	98.724.239	78,53 %
7.	(8)	(9)	(7)	(11)	(5)	Sýslunadurinn á Bláundösi . .	23.669.293	11.220.656	47,4 %	96.941.379	77.793.970	80,2 %	120.610.672	89.014.626	73,80 %
8.	(9)	(7)	(8)	(3)	(15)	Sýslunadurinn í Neskaupstað . .	7.188.357	3.858.904	53,7 %	25.588.298	19.911.880	77,8 %	32.776.655	23.770.764	72,52 %
9.	(7)	(8)	(13)	(20)	(7)	Sýslunadurinn á Húsvík	21.960.610	10.214.462	46,5 %	116.991.591	90.245.065	77,1 %	138.952.201	100.459.527	72,30 %
10.	(14)	(14)	(26)	(29)	(13)	Sýslunadurinn í Búðardal . . .	6.089.699	582.380	9,1 %	22.811.972	20.166.018	88,4 %	28.901.671	20.718.398	71,69 %
11.	(20)	(24)	(21)	(24)	(9)	Sýslunadurinn á Höfn	16.641.483	8.896.871	53,5 %	56.141.857	42.775.331	76,2 %	72.783.340	51.672.202	70,99 %
12.	(10)	(10)	(9)	(6)	(14)	Þjaldheitan á Seltjarnarnesi	85.098.952	40.294.822	47,3 %	211.316.486	166.670.495	78,9 %	296.145.438	206.925.317	69,81 %
13.	(11)	(17)	(12)	(12)	(12)	Sýslunadurinn á Seyðisfirði . .	31.292.643	13.701.830	43,8 %	113.115.282	86.753.206	76,7 %	144.407.925	100.455.036	69,56 %
14.	(12)	(11)	(10)	(9)	(8)	Sýslunadurinn á Hvolsvelli . .	24.572.476	8.608.093	35,0 %	70.381.951	56.508.855	80,3 %	94.954.427	65.116.948	68,58 %
15.	(13)	(12)	(15)	(15)	(18)	Sýslunadurinn í Stykkishólmi . .	30.180.630	13.255.077	43,9 %	74.413.809	58.294.444	78,3 %	104.594.439	71.549.521	68,41 %
16.	(21)	(18)	(18)	(18)	(28)	Sýslunadurinn á Siglufirði . . .	10.283.143	3.256.234	31,7 %	22.164.280	18.892.000	85,2 %	32.447.423	22.148.234	68,26 %
17.	(16)	(17)	(16)	(16)	(16)	Sýslunadurinn á Akureyri	122.813.237	54.273.002	44,2 %	341.348.889	253.009.198	74,1 %	464.162.126	307.282.200	66,20 %
18.	(17)	(15)	(14)	(13)	(16)	Sýslunadurinn í Akranesi	175.937.286	71.419.460	40,6 %	452.478.778	317.953.486	70,3 %	628.416.064	389.372.946	61,96 %
19.	(18)	(23)	(28)	(28)	(20)	Sýslunadurinn á Skarabæ	38.544.378	9.731.881	25,2 %	96.858.151	73.975.628	76,4 %	135.402.529	83.707.509	61,82 %
20.	(15)	(19)	(20)	(17)	(11)	Sýslunadurinn á Eshifirði	24.469.646	9.673.600	39,5 %	72.303.574	49.277.783	68,2 %	96.773.220	58.951.383	60,92 %
21.	(19)	(16)	(11)	(10)	(21)	Sýslunadurinn í Hafnarfirði . . .	202.789.691	94.991.570	46,8 %	381.890.923	257.391.469	67,4 %	584.680.614	352.383.039	60,27 %
22.	(23)	(22)	(27)	(26)	(19)	Sýslunadurinn í Bolungavík . . .	18.647.214	8.522.181	45,7 %	35.069.070	23.407.860	66,7 %	53.716.284	31.929.991	59,44 %
23.	(22)	(28)	(29)	(27)	(22)	Sýslunadurinn á Patreksfirði . .	29.571.417	14.700.935	49,7 %	62.806.961	39.586.036	63,0 %	92.378.378	54.286.971	58,77 %
24.	(24)	(21)	(19)	(21)	(24)	Þjaldheitan í Garðaba	195.637.832	55.144.073	28,2 %	362.791.132	254.631.077	70,2 %	558.428.964	309.775.150	55,47 %
25.	(27)	(27)	(23)	(22)	(23)	Sýslunadurinn á Selfossi	134.573.150	48.110.554	35,8 %	269.610.214	175.192.245	65,0 %	404.183.364	223.302.799	55,25 %
26.	(26)	(25)	(22)	(19)	(26)	Sýslunadurinn á Ísafirði	72.180.294	32.648.692	45,2 %	122.169.554	70.547.827	57,7 %	194.349.848	103.196.519	53,10 %
27.	(25)	(20)	(17)	(14)	(25)	Þjaldheitan á Suðurnesjum . . .	224.867.603	91.103.268	40,5 %	396.389.218	226.663.401	57,2 %	621.256.821	317.766.669	51,15 %
28.	(28)	(26)	(24)	(25)	(29)	Þjaldheitan í Mosfellaba	82.614.331	24.158.727	29,2 %	143.805.520	87.655.140	61,0 %	226.419.851	111.813.867	49,38 %
29.	(29)	(29)	(25)	(23)	(27)	Þjaldheitan í Reykjavík	1.964.161.954	501.787.270	25,5 %	3.600.592.792	2.179.584.417	60,5 %	5.564.754.746	2.681.371.687	48,18 %
30.	(30)	(30)	(30)	(30)	(30)	Sýslunadurinn í Reflavík	33.713.566	4.710.770	14,0 %	0	0	0,0 %	33.713.566	4.710.770	13,97 %

Santals	3.656.478.707	1.196.160.797	7.499.608.815	4.942.044.012	65,9 %	11.156.087.522	6.137.204.809	55,01 %
---------	---------------	---------------	---------------	---------------	--------	----------------	---------------	---------

FÉLÐA DESEMBER 1992

INNHEIÐTUMERKJUR DESEMBER 1992

Des	Nóv	Okt	Sep	Ag	1991	Innheittuáæður	Nettó eftirst. tillinnheittu	Innheittu	Innheittu árangur	Nettó álagning ársins	Innheittu	Innheittu árangur	Santals nettó álagn. og est.	Santals innheittu	Santals árangur								
1.	(2)	(2)	(3)	(9)	(2)	Sýslunæturinn i Borgarnesi . . .	1.737.435	847.486	48,8 x	93.471.458	92.400.788	98,9 x	95.208.893	93.298.274	97,94 x								
2.	(1)	(1)	(1)	(1)	(1)	Sýslunæturinn á Ólafsfirði . . .	1.111.721	1.132.841	101,9 x	48.298.116	44.989.241	93,1 x	49.409.837	46.122.082	93,35 x								
3.	(4)	(3)	(4)	(4)	(3)	Sýslunæturinn á Sauðárkrúki . . .	4.489.537	1.519.267	33,8 x	75.998.812	71.186.473	94,8 x	79.588.349	72.705.740	91,35 x								
4.	(3)	(4)	(2)	(2)	(5)	Sýslunæturinn i Vestmannaeyjum	27.698.546	16.428.037	59,3 x	120.048.086	107.258.950	89,3 x	147.746.632	123.687.007	83,72 x								
5.	(5)	(5)	(5)	(6)	(6)	Sýslunæturinn á Eskifirði . . .	14.088.241	5.867.954	41,7 x	87.530.765	74.587.859	85,2 x	101.619.006	90.455.813	79,17 x								
6.	(9)	(8)	(8)	(7)	(11)	Sýslunæturinn á Höfn	18.320.039	11.596.322	61,3 x	52.142.849	40.978.373	78,6 x	71.072.888	52.574.695	73,97 x								
7.	(6)	(6)	(6)	(5)	(9)	Þjaldheimtan á Suðurnesjum . . .	300.117.871	120.734.165	40,2 x	828.103.464	696.223.947	84,1 x	1.128.221.335	816.958.112	72,41 x								
8.	(7)	(7)	(7)	(3)	(8)	Sýslunæturinn i Neskaupstað . . .	9.894.830	1.059.990	10,7 x	34.846.024	29.879.520	85,7 x	44.740.854	30.939.510	69,15 x								
9.	(18)	(18)	(17)	(16)	(7)	Sýslunæturinn á Hólavík	5.623.124	1.993.565	35,5 x	16.538.813	13.174.465	79,7 x	22.161.937	15.168.030	68,44 x								
10.	(8)	(10)	(9)	(10)	(13)	Sýslunæturinn i Kópavogi	137.399.494	67.610.910	49,2 x	365.332.255	269.432.362	73,7 x	502.731.749	337.043.272	67,04 x								
11.	(11)	(12)	(13)	(17)	(16)	Sýslunæturinn á Akureyri	98.675.959	47.295.858	47,9 x	284.583.800	186.255.960	73,2 x	353.259.759	233.591.818	66,12 x								
12.	(27)	(27)	(27)	(30)	(20)	Sýslunæturinn i Búðardal	1.691.160	1.278.869	75,6 x	3.956.796	2.450.041	61,9 x	5.647.966	3.728.910	66,02 x								
13.	(10)	(14)	(11)	(12)	(14)	Sýslunæturinn i Skykkishölmum . . .	17.479.847	7.074.726	40,5 x	23.756.323	19.543.649	82,3 x	41.236.170	26.618.375	64,53 x								
14.	(14)	(17)	(16)	(15)	(12)	Þjaldheimtan á Seltjarnarnesi . . .	12.087.569	4.237.818	35,1 x	43.034.114	31.173.153	72,4 x	55.121.683	35.410.971	64,24 x								
15.	(12)	(11)	(12)	(8)	(22)	Sýslunæturinn á Seyðisfirði	38.620.983	23.085.747	59,8 x	68.135.458	44.997.429	66,0 x	106.756.441	68.083.176	63,77 x								
16.	(13)	(9)	(10)	(13)	(10)	Sýslunæturinn á Ísafirði	93.602.560	45.593.293	48,7 x	185.079.838	129.259.498	69,8 x	278.682.398	174.852.791	62,74 x								
17.	(15)	(13)	(15)	(11)	(15)	Sýslunæturinn i Hafnarfirði	196.775.257	52.448.917	26,8 x	526.886.507	390.915.326	74,2 x	722.661.764	443.364.283	61,35 x								
18.	(17)	(15)	(14)	(14)	(19)	Þjaldheimtan i Reykjavík	2.736.983.333	629.663.815	23,0 x	6.298.795.584	4.725.980.987	75,0 x	9.034.878.917	5.355.644.802	59,28 x								
19.	(16)	(16)	(18)	(18)	(17)	Sýslunæturinn á Patreksfirði	27.222.401	4.170.188	15,3 x	73.636.617	54.493.155	74,0 x	100.859.018	58.669.343	58,17 x								
20.	(21)	(20)	(25)	(19)	(4)	Sýslunæturinn á Blönduósi	12.968.074	306.217	2,5 x	89.159.391	52.109.818	58,4 x	101.228.265	52.416.035	51,78 x								
21.	(23)	(25)	(25)	(25)	(21)	Þjaldheimtan i Mosfellsba	31.917.888	13.102.117	41,0 x	75.605.377	42.467.388	56,2 x	107.523.265	55.369.505	51,68 x								
22.	(19)	(19)	(20)	(20)	(16)	Sýslunæturinn á Akranesi	18.334.701	4.811.844	26,2 x	22.140.937	15.778.830	71,3 x	40.475.636	20.590.674	50,87 x								
23.	(20)	(21)	(22)	(27)	(26)	Sýslunæturinn á Húsavík	27.785.437	5.579.852	20,1 x	64.518.064	40.427.507	62,7 x	92.303.501	46.007.359	49,31 x								
24.	(22)	(22)	(21)	(21)	(23)	Sýslunæturinn á Selfossi	72.655.307	12.731.641	17,5 x	127.016.340	85.709.279	67,5 x	193.641.647	98.440.920	49,31 x								
25.	(24)	(24)	(19)	(22)	(25)	Þjaldheimtan i Garbabe	82.038.566	24.384.467	29,7 x	114.830.866	61.377.491	53,5 x	196.869.432	85.761.958	43,56 x								
26.	(25)	(23)	(23)	(24)	(27)	Sýslunæturinn i Vík	9.098.104	1.751.602	19,3 x	10.052.887	6.153.204	61,2 x	19.150.991	7.904.806	41,28 x								
27.	(26)	(26)	(24)	(23)	(28)	Sýslunæturinn á Siglufirði	33.811.799	4.936.558	14,8 x	46.218.391	27.680.275	59,9 x	60.030.190	32.676.633	40,83 x								
28.	(29)	(30)	(30)	(28)	(24)	Sýslunæturinn á Hvalsveili	10.970.985	941.085	8,6 x	18.947.220	8.563.946	45,2 x	29.918.205	9.505.031	31,77 x								
29.	(28)	(28)	(28)	(29)	(29)	Sýslunæturinn i Bolungarvík	30.886.765	708.745	2,3 x	44.578.769	21.064.156	47,3 x	75.465.534	21.772.941	28,85 x								
30.	(30)	(29)	(29)	(26)	(30)	Sýslunæturinn i Meflavík	36.749.984	8.998.326	24,5 x	0	0	0,0 x	36.749.984	8.998.326	24,49 x								
														Santals	4.106.616.317	1.121.952.242	27,3 x	9.812.343.921	7.386.559.110	75,3 x	13.920.962.238	8.508.511.392	61,12 x



Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Strandgötu 31 – 220 Hafnarfjörður
Sími 652400 – Bréfasími 652700

VARÐAR SÝSLUMANNSEMBÆTTIÐ Í HAFNARFIRÐI

Margir aðilar hafa óskað eftir upplýsingum um starfsemi embættis sýslumannsins í Hafnarfirði og viðhorfum þess til þeirrar hugmyndar að leggja það niður og flytja starfsemi þess að nokkru eða öllu leyti til Reykjavíkur.

Embættið vill því nota tækifærið og leggja fram gögn sem skipta miklu í þessu máli.

Meðfylgjandi eru ljósrit úr skýrslu Hagsýslu ríkisins svo og samantekt um rekstur embætta í Reykjavík og utan. Líta verður á samantektirnar með fyrirvara því að starfsemi embættanna er ekki að öllu leyti sambærileg en upplýsingarnar gefa mikilvægar vísbendingar. Vísbendingar um að með sameiningunni náist ekki sparnaður. Þá verður að horfa á að íbúar í þessu stóra umdæmi sækja nú að mestu þjónustu sem embættið veitir á einn stað en verði af sameiningunni dreifist starfsemi þess til fimm stofnana í Reykjavík.

Ástæða er til að fara nokkrum orðum um starfsemi sýslumannsembættisins.

Í fjárlögum fyrir árið 1993 fær embættið um 208.8 milljónir króna í rekstrarkostnað, sem skiptast þannig:

Löggæsla	kr. 106.6 milj.
Aðalskrifstofur og tolladeild	kr. 102.2 milj.

Embættið hefur 42 stöðugildi fyrir aðalskrifstofur og tolladeild og 40 stöðugildi í löggæslu, þar af er eitt verkefnaráðið tímabundið. Starfsmennirnir eru nær allir búsettir í umdæminu. Geta má þess að meira en helmingur þeirra er með yfir 15 ára starfsaldur hjá ríkinu. Íbúafjöldinn sem embættið þjónar er u.þ.b. 25 þúsund. Þrátt fyrir aukin verkefni á þessu ári hefur embættið náð að halda greiðsluáætlun að fullu og vonast er til að um áramót verði greiðsluafgangur. Reynt hefur verið eftir mætti að spara og hagræða á öllum sviðum. Í því sambandi má nefna að undanfarna mánuði hefur ekki verið ráðið í allar þær stöður sem embættið hefur til umráða, losað hefur verið um húsnæði, dregið hefur verið úr eftirvinnu, lítið ráðið í afleysingastöður og öðrum rekstrarkostnaði haldið í lágmarki. Unnið verður áfram á sömu braut og reynt að ná enn frekari sparnaði í rekstri.

Rétt er að telja upp helstu störf sem unnin eru hjá embættinu og benda jafnframt á þær stofnanir í Reykjavík sem hugsanlega taka við störfunun verði embættið í Hafnarfirði lagt niður:

Löggæsla, sektarinnheimta, ákærvald, útgáfa vegabréfa og ökuskírteini, skotvopnaleyfi, vínveitinga- og veitingaleyfi færur til Lögreglustjórans í Reykjavík við Hverfisgötu.

Sifja- og skiptamál, þinglýsingar, fjárnám og aðrar aðfarargerðir, kyrrsetningar, lögbanns- og löggeymslugerðir og nauðungaruppboð færur til sýslumannsins í Reykjavík við Skógarhlíð.

Tollafgreiðsla, lögskráning, innheimta virðisaukaskatts, tryggingargjalds og bifreiðagjalds færur til Tollstjóraembættisins í Reykjavík við Tryggvagötu.

Innheimta opinberra gjalda færir til Gjaldheimtunnar í Reykjavík við Tryggvagötu.

Almannatryggingar og sjúkratryggingar færur til Tryggingastofnunar ríkisins við Laugaveg.

Í samantektinni um embætti kemur fram, að þrjú sýslumannsembætti í landinu skera sig nokkuð úr hvað varðar hagkvæmni í rekstri þegar miðað er við kostnað pr. íbúa. Þetta eru embættin í Kópavogi, Hafnarfirði og á Akureyri. Embættið í Hafnarfirði rekur öflugan tolladeild. Þar eru fleiri tollafgreiðslur en samtals hjá öllum tollembættum í landinu utan Reykjavíkur.

Rekstrarfé aðalskrifstofu og tolladeildar skv. fjárlögum er kr. 102.2 milj. sem myndi skiptast þannig milli rekstrareininganna

			%	kostn. pr. íbúa (25 þús.)
Innheimtudeild	kr.	22.647 milj.	22.16	906
Aðfaragerð ofl.	"	27.898 milj.	27.30	1116
Lögreglumál	"	15.109 milj.	14.78	604
Almannatryggingar	"	14.898 milj.	14.58	596
Tolladeild	"	21.648 milj.	21.18	866
		<hr/>		<hr/>
	Kr.	102.200 milj.		4088
Löggæslan	Kr.	106.600 milj.		4.264
samt.	Kr.	<hr/>		<hr/>
		208.800 milj.		8.352

Starfsemi sýslumannsembættisins í Hafnarfirði er afar umfangsmikil og þangað koma fjölmargir á hverju ári. Vikuna 17. til 23. september s.l. var gerð talning á einstaklingum, sem heimsóttu embættið í neðangreindum erindagjörðum.

1. Vegna vegabréfa og ökuskírteina	181
2. Vegna þinglýsinga og veðbókavottorða	384
3. Í almannatryggingadeild	307
4. Í tolladeild	545
5. Til umboðsskrifstofunnar í Garðabæ	110
6. Vegna viðtala og samninga um greiðslur á opinberum gjöldum, vsk., staðgreiðslu, tryggingagj., bifv. gj. ofl.	205
7. Einstaklingar, sem komu beint til gjaldkera til að greiða skatta, sektir ofl.	373
8. Til fulltrúa og ritara til oflunar upplýsinga o.fl.	125

samtals 2.230

Á þessu tímabili voru ekki eindagar á skattgreiðslum. Á eindögum og í innheimtuátökum er mikil örtröð í afgreiðslu embættisins. Því koma oft verulega fleiri gjaldendur til gjaldkera en fram koma í lið 7 hér að ofan.

Loks er eftir að geta þess að á hverju ári koma til embættisins fjöldi einstaklinga vegna aðfaragerða, uppboða, sífja- skipta- og lögreglumála, en á þessu ári eru áætlaðar um **fimm þúsund fyrirtökur** í þessum málaflokkum.

Hægt er að finna út samkvæmt þessum þessum tölum hve margir koma til embættisins á hverju ári og þá niðurstöðu verða menn að hafa í huga þegar rætt er um sameiningu embætta.

Nú er það svo, að sýslumannsembættið í Hafnarfirði er þægileg rekstrareining. Í þéttbýli hlýtur að nást betri hagræðing. Það er að hluta til skýring á lágum rekstrarkostnaði embættisins í Hafnarfirði. Með þetta í huga er því **afar athyglisvert** að skoða í meðfylgjandi yfirliti rekstrarkostnað embættanna í Reykjavík, sem hugsanlega taka við starfsemi sýslumannsembættisins í Hafnarfirði og þjóna miklu fleiri íbúum. Þar kemur fram að rekstrarkostnaður (meðaltal) þeirra pr. íbúa er verulega hærri. Niðurstaðan af framansögðu er að sýslumannsembættið í Hafnarfirði er afar hagkvæm rekstrareining. Hagkvæm vegna heppilegrar stærðar og hagkvæm vegna þess, að þjónustan sem embættið veitir, er sótt að mestu á einn stað þannig að auðvelt er að samnýta ýmis störf innan embættisins. Skýrsla Hagsýslu ríkisins styrkir þessa niðurstöðu þótt hún fjalli um rekstrarárin fyrir aðskilnað dómsvalds- og umboðsvalds í héraði. Allur samanburður er embættinu í hag og styrkir það.

Mjög er dregið í efa að þau störf, sem unnin eru á aðalskrifstofu og tolladeild í dag verði lögð á starfsmenn annarra stofnana til viðbótar þeim störfum, sem þeir hafa fyrir. Með sameiningunni verður því um flutning starfa að ræða. Þegar talað er um að leggja niður embætti og stofnanir eða sameina til að ná fram hagræðingu í rekstri verða að liggja fyrir tölulegar niðurstöður sem sanna réttlæti þess. Slíkar niðurstöður hafa ekki verið lagðar fram vegna sýslumannsembættisins í Hafnarfirði. Þvert á móti liggja fyrir upplýsingar sem benda til þess að kostnaður aukist með sameiningu.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Lútm. Spenn". The signature is written in a cursive, flowing style with some loops and flourishes.

Hagsýsla ríkisins

EMBÆTTI SÝSLUMANNA

Samanburður á einingakostnaði

Desember 1992


4. Niðurstöður

Hér koma fram niðurstöður í einingasamburði embættanna. Þær upplýsingar sem fram koma í kaflanum eru mestmegnis á myndrænu formi. Í viðauka koma bæði fram þær einingatölur sem notaðar eru í kaflanum og rauntölurnar sem samanburðurinn er byggður á.

4.1. Rekstrarkostnaður á íbúa⁶

Rekstrarkostnaður embættanna á íbúa nam að meðaltali 13.064 kr. árið 1991. Skv. mynd 4.1. er umtalsverður munur á kostnaði frá einu embætti til annars, eða frá 7.020 kr. hjá Sýslumanninum í Hafnarfirði í 17.520 kr. á íbúa hjá Sýslumanninum á Siglufirði. Tvö önnur bera svipaðan kostnað og síðarnefnda embættið, það eru Sýslumaðurinn í Búðardal og Sýslumaðurinn í Bolungarvík. Kostnaður hjá helmingi embættanna liggur á bilinu 11.003 til 15.286 kr.

Mynd 4.1. Rekstrarkostnaður (kr. á íbúa)



⁶ Stofnkostnaður og meiriháttar viðhald er undanskilið í samanburðinum. Alls námu þessi útgjöld 152.4 m.kr. árið 1991. Nánari upplýsingar um þennan kostnað má sjá í viðauka.

UM

SÝSLUMANNSEMBÆTTIÐ Í HAFNARFIRÐI

Heppileg stærð embættis.

Samanburðartölur gefa vísbendingu um að stærð sýslumannsembættisins í Hafnarfirði sé heppileg rekstrareining.

Rekstrarkostnaður í lágmarki.

Kostnaður pr. búá (25 þús.) er kr. 8.352 (þar af kr. 866 vegna tolladeildar).

Þjálfað starfsfólk.

Tiltöiulega fá stöðugildi en mikil skilvirkni.

Góð samnýting starfa, húsnæðis og reksturs. Starfsmenn embættisins geta gengið fyrirvaralaust í flest störf. Sparar afleysingar vegna veikinda og sumarleyfa.

Starfsemi embættisins.

Góður árangur í störfum samanborið við önnur embætti.

Fjöldi einstaklinga.

Árlega koma yfir hundrað þúsund einsakiingar til embættisins.

Þjónustan.

Þjónustan sem embættið veitir er að langmestu sótt á einn stað.